

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 30/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1036 frá 15. júlí 2020 um að samþykkja ekki tiltekin virk efni í sæfivörur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1037 frá 15. júlí 2020 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöru-flokki 12 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1038 frá 15. júlí 2020 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kreósót til notkunar í sæfivörur í vöru-flokki 8 ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 12zzzzzzl (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1435) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzzm. **32020 D 1036**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1036 frá 15. júlí 2020 um að samþykkja ekki tiltekin virk efni í sæfivörur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 227, 16.7.2020, bls. 68).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 227, 16.7.2020, bls. 68.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 227, 16.7.2020, bls. 72.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 227, 16.7.2020, bls. 74.

12zzzzzzn. **32020 D 1037:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1037 frá 15. júlí 2020 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 (Stjtið. ESB L 227, 16.7.2020, bls. 72).

12zzzzzzo. **32020 D 1038:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1038 frá 15. júlí 2020 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kreósót til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (Stjtið. ESB L 227, 16.7.2020, bls. 74).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2020/1036, (ESB) 2020/1037 og (ESB) 2020/1038, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.